

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

360. fundur

Föstudaginn 16. september 2022 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:00. Fundurinn var haldinn að Hesthálsi 14.

Mætt voru:

Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Kristín Thoroddsen (KT) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir (SH), sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Drög að fjárhagsáætlunar 2023
2. Gjaldskrárhækkun
3. Menningarnótt og aðrir hátíðisdagar
4. Innri endurskoðun
5. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Drög að fjárhagsáætlun 2023

Umræður um forsendur og drög að fjárhagsáætlun 2023. Fjárhagsstaða Strætó mjög erfið og hefur verið fundað með fjármálastjórum sveitarfélaga sem standa að Strætó. Umræður um mögulegar leiðir til að bæta fjárhagsstöðuna, m.a. gjaldskrárhækkunir og frekari hagræðingar. Áfram verður unnið að forsendunum í samráði við stjórn og eigendur. Ræða þarf sérstaklega breyttar forsendur fjárhagsáætlunar sem snúa meðal annars að rekstri, fjárfestingum, fjármögnun, framlögum eigenda og ríkisframlagi. Að óbreyttu stefnir í greiðsluþrot og sveitarfélögin hafa kalla eftir aðgerðum áður en meiri peningur er settur inn.

2. Gjaldskrárhækkun

Stjórn Strætó samþykkti á fundinum að hækka gjaldskrá um 12,5% frá og með 1. október 2022, m.a. til að mæta fjárförum félagsins vegna ársins 2022. Þá hafa fargjöld ekki haldið í við verðlagsþróun síðustu mánaða, s.s. olíuverðshækkunir og hækkunir á aðföngum sem leitt hafa til aukins kostnaðar í rekstri Strætó.

Gjaldskráin hefur verið óbreytt síðan um áramótin 2020/2021 en þann 16. nóvember 2021 var Klapp, rafrænt greiðslukerfi Strætó innleitt og öll gjaldskráin einfölduð til að vera sanngjarnari og veita viðskiptavinum jafnari kjör á fargjöldum.

3. Menningarnótt og aðrir hátíðisdagar

Umræður um fyrirkomulag og akstur Strætó á Menningarnótt og öðrum hátíðisdögum, s.s. 17. júní, Sjómannadegi og Pride. Akstur Strætó á þessum dögum hefur miðast við akstur eins og á hefðbundnum laugardegi með þeirri undantekningu að gjaldfrjálst er í vagna á Menningarnótt. Mikil ásókn var í vagna Strætó á þessum dögum í ár og þá sérstaklega á Menningarnótt, sem varð til þess að ekki var unnt að þjónusta alla þá farþega sem hugðust nýta sér Strætó þennan dag. Afkastageta Strætó miðað við þann vagnaflota sem til staðar var, er um 4000 manna á klst. miðað við jafna dreifingu farþega yfir allt höfuðborgarsvæðið.

Þá var rætt um kostnað vegna aksturs á þessum dögum. Framkvæmdastjóra var falið að taka saman kostnaðyfirlit vegna aksturs á Menningarnótt og skoða framtíðarfyrirkomulag.

4. Innri endurskoðun

Deloitte hf. hefur séð um innri endurskoðun Strætó frá árinu 2016. Framkvæmdastjóri lagði til að framlengja þann samning um eitt ár til viðbótar. Stjórn samþykkti það.

5. Önnur mál

- a) Næturstrætó. Tilraunaverkefni í gildi út september. Stjórn óskaði eftir nánari upplýsingum og gögnum um verkefnið svo unnt verði að taka ákvörðun um framhaldið. Nýting hefur ekki staðist væntingar forsvarsmanna Strætó.
- b) Börn í landsbyggðastrætó á milli Kjalarness og Reykjavíkur. Fulltrúi Reykjavíkurborgar í stjórn spurðist fyrir hvort mögulegt væri að börn 6-10 ára mættu ferðast ein í Strætó á milli Kjalarness og Reykjavíkur en í gildi eru reglur um að börn yngri en 10 ára þurfa að vera í fylgd með fullorðnum í landsbyggðastrætó. Framkvæmdastjóra falið að skoða málið.
- c) Dómur Héraðsdóms frá 13. september sl. í máli fyrrv. starfsmanns gegn Strætó. Óskað er eftir gögnum frá lögmanni Strætó. Umræðu frestað þar til frekari gögn liggja fyrir.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 8:50

Fylgiskjöl: Menningarnótt og aðrir hátíðisdagar

Magnús Örn Guðmundsson

Alexandra Briem

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

Hrannar Bragi Eyjólfsson